

Yfirlit yfir starfsemina

Skólaárið 2015-2016



Alþjóðaskólinn á Íslandi (The International School of Iceland) býður upp á alþjóðlega menntun fyrir grunnskólabörn. Fyrir nemendur sem búa tímabundið á Íslandi fer námið eingöngu fram á ensku en bæði á íslensku og ensku fyrir þá sem dvelja hér lengur. Kennsluhættir eru einstaklingsmiðaðir og bekkir eru fámennir. Skólinn er opinn nemendum af öllum þjóðernum og ekki er skilyrði að nemendur hafi öðlast fullt vald á ensku áður en námið hefst. Kennarar okkar eru frá Íslandi, Bretlandi, Bandaríkjunum, Skotlandi, Hollandi, Þýskalandi og Spáni.

Gyiding Statements

The International School of Iceland offers an international education in English to children who are in the Greater Reykjavík area for a specific period and an international bilingual education (Icelandic-English) for children who live in Iceland.

Our Vision is to create a dynamic community of confident, creative and respectful learners who will lead the way in this global 21st century.

The mission of ISI is to create environment that is academically stimulating and supportive through a holistic approach. As an international program with an English and Bilingual Stream, we value multilingualism and encourage international – mindedness.

Internationalism in education at ISI emphasizes cultural and linguistic development, diversity and education. Global coursework and research reflect and respect alternative views and backgrounds. Formative and summative assessments measure a broad multicultural perspective for the development of global citizens.

Core Values at ISI

Respect: Respect at ISI is defined as respect of self, others and the surrounding environment. Respect in action can include cooperation, acceptance, positive language, active listening and environmental awareness.

Creativity: ISI understand creativity to mean having the resources (technology, materials, instruments, knowledge) and freedom to produce original work, to take risks and the curiosity to try new things.

Self-efficacy (Confidence): Self-efficacy means belief in one's own capacity to take on a task and complete it to the best of one's abilities. This encompasses, independence, resilience, originality and adaptability.

Tvær námsleiðir

Kennslan er skipulögð eftir hugmyndafræði um einstaklingsmiðað nám og því er ekki um hefðbundna bekkjarkennslu að ræða þar sem nemendur geta jafnvel blandast í mismunandi hópa eftir fögum.

Ensk námsbraut (English Stream) er hugsuð fyrir nemendur sem búa tímabundið á Íslandi. Kennslan fer eingöngu fram á ensku og markmiðið er að nemendur geti flust á milli skóla, landanna á milli.

Tvítyngd námsbraut (Bilingual Stream) er hugsuð fyrir nemendur sem búa til lengri tíma á Íslandi. Markmiðið er að nemendur geti valið um íslenska skóla að námi loknu. Kennsla fer fram á íslensku og ensku.

Stjórn Alþjóðaskólans á Íslandi og önnur ráð

Stjórnin tekur þátt í að móta framtíðarstefnu skólans ásamt því að hún veitir starfinu stuðning og aðhald. Stjórnin fundar reglulega á skólaárinu.

Stjórn skólans skipuðu:

Berta Faber, Chairperson, Head of Academics ISI
Paul O'Friel, Chargers d'Affaires, US Embassy
Jón Diðrik Jónsson, Managing Director, Draupnir Fjárfestingarfélag
Oddný Eyjólfsdóttir, Educator, former superintendent of primary schools in Garðabær
Ellen Guðlaugsdóttir, Social worker and parent
Elizabeth Nunberg, Founding member and educator (Hjallastefnan)
Helga Valfells, managing Director, New Business Venture Fund (NSA)

Skólaráð er starfrækt við skólann. Haldnir voru fimm fundir á árinu. Skólaráðið skipuðu:

Hanna Hilmarsdóttir, skólastjóri
Gunilla Eberhard
Gunnar Þórisson
Kirsten Kummerfeld
Lára Stefándóttir
Sigrún Boatwright
Wendy Richards
Tveir nemendur skólans

Stjórn foreldrafélagsins skipuðu:

Sigrún Boatwright, formaður
Laurie Wilkins
Gem
Tatanja Jastsuk
Susana Rutenberg
Kirsten Kummerfeld

Nemendur og starfsfólk

Nemendur

Skólaárið 2015-2016 stunduðu að jafnaði um 75 nemendur við skólann.

-

Starfsfólk

Starfsfólk skólans skólaárið 2015-2016

Ann Thorsson	Ritari, ýmis verkefni
Anna Sigríður Björnsdóttir	Umsjónarkennari, íslenska, IPC
Bethany Rogers	Umsjón með vefsíðu og ýmis verkefni
Berta Faber	Stjórnarformaður, þjálfun kennara, umsjón með úttekt
Elísa Línadóttir	Sértækur námsstuðningur, íslenska
Hafdís Helgadóttir	Umsjónarkennari, íslenska, raungreinar
Hanna Hilmarsdóttir	Skólastjóri, íslenska
Justin Shouse	Umsjónarkennari, raungreinar, íþróttir og sund
Karen Ragnarsdóttir	Umsjónarkennari, stærðfræði, IPC
Kirsten Kummerfeld	Umsjónarkennari, listir, IPC
Lára Stefánsdóttir	Umsjónarkennari, íslenska, hönnun, IPC
Lucy Averell	Umsjónarkennari, enska
Julio Romero	Spænska, stafræn hönnun, forritun
Pamala Hansford	Enska, samfélagsfræði, ýmis verkefni
Soffía Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Önnur kennsla:

Ólafur Schram	Tónmennt
Bjarnveig Jakobsdóttir	Smíði
Marianne Skovsgard Nielsen	Danska

Á haustönn var hjá okkur kennaranemi Þýskalandi á vegum ERASMUS. Auk þess heimsóttu okkur kennarar frá Austurríki sem og skólastjórar frá Hollandi og Spáni. .

Skóli innan skóla

Alþjóðaskólinn á Íslandi hefur aðsetur í Sjálandsskóla í Garðabæ. Kennt er í samræmi skóladagatal Garðabæjar.

Nemendur hófu daginn á morgunsöng með nemendum Sjálandsskóla ásamt að fara á sama tíma og þeir í frímínútur og hádegismat.

Alþjóðaskólinn hefur boðið upp á fjölbreytt námskeið eftir skóla sem nemendum Sjálandsskóla hafa staðið opin. Jafnframt hefur nemendum Alþjóðaskólans staðið opið að vera í kór Sjálandsskóla sem og að taka þátt í opnu húsi hjá félagsmiðstöð Klakans.

Auk ofangreinds tóku nemendur Alþjóðaskólans þátt í ýmsum verkefnum og uppákomum með nemendum Sjálandsskóla yfir veturinn. Dæmi um slíkt er gróðursetning trjáa í Guðmundarlundi, jólaskreytingar, jólaball og öskudagsskemmtun.

Samstarf við unglingadeild Sjálandsskóla

Kennarar Alþjóðaskólans hafa tekið að sér kennslu í tungumálum í vali unglingadeild. Veturinn 2014-2015 kenndi Kirsten Kummerfeld þýsku og Julio Romeral spænsku. Jafnframt er nemendum Alþjóðaskólans boðið að taka þátt í opnu húsi hjá félagsmiðstöð Klakans.

Samskipti og samvinna kennara Alþjóðaskólans og Sjálandsskóla

Þegar tveir skólar eru undir sama þaki er mikilvægt að lögð sé rækt við að menning beggja vinnustaðanna fái þrífist. Skólastjórar beggja skólanna funda reglulega um sambúð og samvinnu og hefur það reynst vel. Starfsmenn skólanna deila vinnusvæðum sem gefur tækifæri til að deila námsefni og hugmyndum og hefur það oft verið kveikjan að ýmsum sameiginlegum verkefnum. Jafnframt deila starfsmenn beggja skólann kaffistofu og taka sameiginlega þátt í ýmsu því tengdu.

Alþjóðlegar aðildir og faglegt samstarf

IPC: Alþjóðaskólinn er fullgildur aðili að alþjóðlegri námsskrá; *International Primary Curriculum* sem kennt er eftir í 90 löndum í yfir 1800 skólum. IPC er byggð á hugmyndafræði fjölgreindakenninga og fer kennslan fram í gegnum samþætt þemaverkefni.

ECIS: European Council of International Schools. Alþjóðaskólinn gerðirst fullgildur meðlimur í samtökunum. Starsmenn sækja sér m.a. endurmenntunar í gegn um samtökin og taka þátt í margvíslegum ráðstefnum og vinnubúðum.

AERO: Common Core plus: Bandarísk námsskrá sem flest ríki Bandaríkjanna hafa komið að. Common Core plus þýðir að námsmarkmiðin hafa verið aðlöguð að alþjóðlega heiminum. Alþjóðaskólinn notar Common Core plus námsviðmið í ensku, stærðfræði og spænsku á öllum stigum skólans auk þess að nátturfræðigreinar og samfélagsfræði eru kennd eftir AERO plus námsviðmiðum í unglingadeild.

MAP: Measurement of Academic Progress. Próf á tölvutæku formi sem mælir framfarir einstaklingsins í ákveðnum fögum. Nemendur taka prófið einu sinni á önn. Mörg þúsund skólar nota þetta próf, bæði í Bandaríkjunum sem og út um allan heim. Gagnagrunnur er því stór sem hægt er að miða útkomur prófa og aðra þætti við.

A/OPR/OS: Office of Overseas Schools; United States Department of State. Alþjóðaskólinn hefur átt mikið og gott samstarf við Office of Overseas Schools enda skólinn byggður á rótum bandaríska sendiráðsskólans sem starfaði hér í mörg ár. Samtökin hafa veitt okkur ráðgjöf og ýmsa styrki til endurmenntunar starfsmanna og aðstoðað við innleiðingu nýjunga við skólann.

CIS: Council of International Schools er Alþjóðlegt fyrirtæki sem sér um faggildingu alþjóðlegra skóla víðsvegar um heiminn. Alþjóðaskólinn gerðist fullgildur meðlimur að samtökunum í janúar 2015, eftir yfirgripsmikið inntökuferli.

Alþjóðleg faggilding

Alþjóðaskólinn á Íslandi er fyrstur skóla í sögu Íslands að fara í svokallað faggildingarferli samtaka alþjóðlegra skóla (e: Council of International Schools, CIS, <http://www.cois.org>).

Þegar skóli er samþykktur til að gerast aðili að CIS samtökunum er hann þar með búin að sanna að hann starfi samkvæmt ákveðnum kröfum og framtíðarsýn samtakanna um alþjóðlega menntun, þ.e.

- a) áhugi á að veita nemendum þá þekkingu og hæfni til að geta lifað sínu lífi sem „global Citizens“
- b) einurð til að bjóða upp á fyrsta flokks menntun
- c) stöðugt sjálfbært endurmat

Faggildingarferlið er flókið og bara það eitt að komast í sjálft ferlið er mikil viðurkenning en að baki umsóknarinnar liggur mikil vinna. Alþjóðaskólinn þurfti að uppfyll 36 ólík skilyrði til að verða hluti af samtökum CIS.

Ferlið hófst í janúar 2015 og búist er við því ljúki á þar næsta ári. Í haust mun sendinefnd frá CIS heimsækja Alþjóðaskólann og gera úttekt á starfseminni í tengslum við faggildinguna.

Í staðfestingarbréfi CIS til Alþjóðaskólans, dagsett í janúar 2015 voru helstu styrkleikar Alþjóðaskólans nefndir sem eftirfarandi

- A strong international focus in line with CIS values
- Determined and proactive leadership to establish and develop the school
- Good curriculum documentation and implementation
- A caring and supportive community of teachers, students and parents, whose focus is on learning and the creation of a happy and close school climate

MSA: Middle States Association of Colleges and Schools er bandarísk stofnun sem tekur að sér faggildingar fyrir skóla á öllum skólastigum jafnt einkarekna skóla sem og skóla sem reknir eru af hinu opinbera. Haustið 2015 ákvað stjórn að leita einnig til MSA vegna úttektarinnar.

Í nóvember 2015 komu úttektaraðilar á vegum CIS og MSA í eftirlitsferð til skólans til að kanna hvort að Alþjóðaskólinn væri tilbúin til að takast á við síðasta hluta ferlisins, þ.e. sjálfsmatsferlið. Heimsóknin varði í nokkra daga þar sem yfirgripsmikil skoðun fór fram á öllum gögnum skólans og tekin voru viðtöl við nemendur, foreldra, starfsmenn, stjórnendur og meðlimi stjórnar. Auk þess fengu starfsmenn eins dags þjálfun í hvernig framkvæma skyldi sjálfsmatsferlið. Fyrir áramótin fékk skólinn staðfestingu þess efnis að ekkert væri því til fyrirstöðu að skólinn héldi áfram með ferlið og ákveðið var að lokaskoðun færi fram í apríl 2017.

Vettvangsferðir og aðrir viðburðir

Farið var í ýmsar vettvangsferðir í vetur. Má þar nefna berjamó, trjáplöntun í Heiðmörk, sundferðir, bæjarferð til Reykjavíkur, hellaskoðanir, bókasafn Garðabæjar, hönnunarsafn Garðabæjar, Háskólann í Reykjavík, Norræna húsið, Þjóðminjasafnið, Bootcamp og í hinni árlegu vorferð var farið til Vestmannaeyja. Auk þess gistu eldri nemendur í skólanum ásamt kennurum sínum.

Halloween hátíð

Í október héldum við upp á Halloween líkt og undanfarin ár. Hátíðin var haldin eftir skóla fyrir nemendur, kennara og fjölskyldur þeirra. Foreldrar opna hús sín og uppábúnir nemendur skólans fá að ganga á milli í „trick or treat“. Eftir það er mætt í skólann þar sem skemmtilegar og stundum draugalegar stöðvar hafa verið settar upp til skemmtunar. Þessi hátíð er í miklu uppáhaldi hjá nemendum og heppnaðist mjög vel.

Alþjóðlegt þorablót: International Put-Luck Dinner. Hið árlega alþjóðlega þorablót var haldið í febrúar. Þá koma saman foreldrar, nemendur og kennarar og borða saman kvöldmat. Hver fjölskylda leggur til hefðbundin rétt frá sínu heimalandi á sameiginlegt hlaðborð. Þetta er ávallt notaleg stund þar sem allir aðilar sem koma að skólanum snæða

saman og deila mismunandi matarmenningu og hefðum. Á þessu kvöldi í fyrra var frumfluttu nemendur skólans nýjan skólasöng sem foreldrar við skólann gáfu skólanum.

Vorhátíð er haldin á hveru ári. Á þessu skólaári var þemað „Eurovision“ og var hún haldin í Eurovision vikunni. Hátíðin hófst um morguninn þar sem Alþjóðaskólinn bauð nemendum Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans upp á tónleka með Pollapönk í morgunsöng. Seinnipart dagsins komu síðan nemendur, kennarar og foreldrar saman í hátíðarsal, þrúðbúin sem sín uppáhalds Eurovision þátttakand. Farið var í leiki á ýmsum stöðvum og borðað saman í lokin.

Uppeldisstefna Alþjóðaskólans :Jákvæðni, samkennd og persónuleg ábyrgð

Í öllu starfi með nemendum í Alþjóðaskólanum er unnið samkvæmt hugmyndafræði Jane Nelson um Jákvæðan aga; *Positive Discipline*. Uppeldisstefnan hvetur til jákvæðs hugarfars í garð barna, þróar með þeim sjálfsga, persónulega ábyrgð og byggir upp þeirra innri styrk. Aðferðirnar eru lýðræðislegar (bekkjarfundir) og einkennast af góðmennsku, hvatningu og virðingu.

Skólareglur

Skólareglur Alþjóðaskólans eru í anda hugmyndafræðar *Positive Discipline* og voru ákveðnar í samráði við alla starfsmenn skólans. Reglurnar eru yfirfarnar á haustin, kynntar nýjum starfsmönnum og endurmetnar árlega.

Þjálfun og stuðningur

Mikilvægt er að starfsmenn fái aðstoð og þjálfun við að vinna eftir uppeldisstefnunni sem og að stefnan í sjálfu sér hjálpar starfsfólkinu við að finna lausnir sem koma nemendum til góða. Haldnir eru vikulegir fundir með öllum starfsmönnum þar sem teknir eru fyrir ákveðnir þættir úr uppeldisstefnunni, þeir ræddir og æfðir undir leiðsögn Bertu Faber skólustjóra. Fundirnir eru kjörið tækifæri fyrir starfsmenn til að ræða líðan sína á vinnustað eða bera upp mál sem þeir óska eftir stuðningi við að leysa. Eins gefst þeim kostur á að ræða einstaka mál nemenda sem hópurinn í heild getur aðstoðað við að finna flöt á.

Bekkjarfundir

Bekkjarfundir eru haldnir einu sinni á dag, 20 mínútur í senn. Á fundunum gefst nemendum tækifæri til að ræða einstaka mál sín á milli eða um almenna hluti sem eru að gerast í skólanum, s.s. leysa ágreiningsmál, hvetja hvert annað, skipuleggja uppákomur og koma sér saman um bekkjarreglur svo eitthvað sé nefnt. Markmið bekkjarfundanna er að þjálfra persónulega færni nemenda til að leysa mál á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og æfa þau í að komast að sameiginlegri niðurstöðu sem allir geta sætt sig við.

Foreldrahandbók

Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um þær uppeldisaðferðir sem stuðst er við í skólanum. Skólinn hefur útbúið handbók fyrir foreldra sem inniber aðgengilegar upplýsingar um hugmyndafræðina og helstu aðferðir sem stuðst er við. Einnig eru í bókinni góð ráð sem nýta má heima.

Námskeið fyrir foreldra um jákvæðan aga

Reglulega er boðin upp á námskeið í uppeldisaðferðunum fyrir foreldra. Ýmist sem stutt kynning á aðferðunum yfir í 6 vikna námskeið sem haldin eru af fagmönnum innan skólans. Í fyrra var boðið upp á námskeiðin en einungis virtist vera grundvöllur fyrir stuttar kynningar þann veturinn.

Mat

Stöðugt er verið að meta starfsemina og birtist það á margvíslegan hátt

Námsmat

Sjálfsmat: Nemendur setja sér markmið og meta sjálfir hvernig til tókst.

Símat: Stöðumat í lestri, stærðfræði og tungumálum.

Alþjóðleg samræmd próf: Tvisvar á ári þreyta nemendur Alþjóðaskólans rafræn próf (MAP) frá Bandaríkjunum. Nemendur eru prófaðir í ensku og stærðfræði og nýtast til að meta stöðu nemenda miðað við stöðu annara nemenda frá Bandaríkjunum sem og fjölmörgum alþjóðlegum skólum víðs vegar um heiminn. Auk þess að meta stöðu nemenda býður úrvinnsla prófanna upp á ýmsa möguleika til innra mats og kennsluþróunar.

Íslensk samræmd próf: Nemendur sem hafa íslensku að móðurmáli þreyta 4. bekkjar og 7.bekkar samræmd próf í íslensku. Einnig þreyta þeir próf í stærðfræði sem hafa búið hér á landi í eitt ár (og eru komnir til að vera).

Einkunnarbækur: Nemendur fá námsmat í einkunnarbókum í janúar og júní.

Foreldrafundir eru haldnir þrisvar á ári og eru nemendur ávallt viðstaddir. Tveir fundanna eru leiddir af nemendum. Nemendur fara yfir markmið sín með kennara og foreldri og sýnir þau verk sem þeir eru stoltastir af og hvers vegna. Sett eru ný markmið. Eitt viðtalanna miðar að því að nemendur fara yfir einkunnir og námsframvindu með kennara og foreldri.

Mat á skólastarfi

Foreldrakönnun

Lögð var fyrir foreldrakönnun. Niðurstöður hennar bentu til að foreldrar væru almennt mjög ánægðir með starfið og börnum þeirra liði vel í skólanum.

IPC: Til að tryggja gæði þemakennslunnar eru kennarar Alþjóðaskólans í sambandi við ráðgjafa hjá IPC sem fara yfir þau þemu sem valin eru fyrir veturinn og meta hvort gott jafnvægi sé á milli faga. Jafnframt koma þeir með tillögur yfir það sem betur má fara.

Kennarar

Í upphafi haustannar setja kennarar sér markmið hvað varðar fagþjálfun og kennsluhætti og á vorin meta þeir hvernig til hefur tekist. Þessu er fylgt eftir með fundum með stjórnendum skólans og reynt er að finna leiðir til að skólinn geti sem best stutt við kennarann. Gerðar eru viðeigandi áætlanir í framhaldinu. Byrjað var á jafningjamati.

Símennt/endurmenntun

Kennarar Alþjóðaskólans eru hvattir og studdir til að leita sér endurmenntunar og fróðleiks.

- Í upphafi skólaárs var haldið skyndihjálparnámskeið
- Íslenskukennarar fóru á námskynningu hjá Námsgagnastofnun.
- Tveir starfsmenn stunda nám til að hljóta alþjóðleg kennsluréttindi frá ECIS.
-
- Tveir starfsmenn stunduðu framhaldsnám með vinnu
- Starfsmenn sóttu ýmis námskeið sem í boði voru innanlands
- Starfmenntun og þjálfun fór fram einu sinni í viku í allan vetur
- Þrír starfsmenn fóru á vegum skólans til Bandaríkjanna í viku þjálfun vegna innleiðingar AERO námsviðmiðana í kennslu.

Foreldrasamstarf

Við skólann starfar öflugt Foreldrafélag ásamt því að fulltrúar foreldra sitja í skólaráði. Ávallt hefur verið lögð rík áhersla á gott og náið samstarf við foreldra- og forráðamenn nemenda

við skólann. Foreldrar eru ávallt velkomnir til að fylgjast með, ræða við kennara og stjórnendur sem og að margir þeirra hafa unnið sjálfböðastorf fyrir skólann.

Kynningafundur fyrir nýja foreldra við skólann

Í september var haldinn kynningarfundur fyrir nýja foreldra við skólann. Fundurinn var tveggja klukkustunda langur þar sem skólastjóri kynnti starfsemi skólans. Farið var yfir sögu skólans, skipurit, skólanámsskrá, gildi, ársskipulag, dagsskipulag, heimanám, samstarf heimilis og skóla, hlutverk umsjónarkennara, hlutverk foreldra og nemenda, vettvangsferðir, og fleira í þeim dúr. Foreldrum gefst kostur á að varpa fram spurningum sem og að eiga óformlegt spjall þegar dagsskráin er brotin upp með ísbrjótum. Jafnframt kynnir formaður Foreldrafélagsins starfsemi félagsins sem og að verkefnastjóri uppeldisstefnunnar Positive Discipline gefur foreldrum stutta innsýn inn í hugmyndafræðina. Fundurinn var vel sóttur og var það mat foreldra að slík kynning væri mikilvæg.

Foreldrafélag: Parents Assosiation 2015-2016

Við skólann starfar öflugt foreldrafélag. Markmið félagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með mentun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda.

Stjórnina skipa 6 fulltrúar valdir úr röðum sjálfböðaliða og skiptir stjórnin með sér verkum. Félagið tók að sér að skipuleggja m.a. eftirtalin verkefni: Gjafir fyrir nemendur á haustin, halda Alþjóðlegan kennaradag hátíðlegan í október, jólaskemmtun fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra, páskaeggjaleit fyrir nemendur og systkini þeirra, flóamarkað og jólagjafir kennara.

Stjórn Foreldrafélagsins veturinn 2015-2016 skipuðu:

Sigrún Boatwright, formaður
Gemma King
Laurie Wilkins
Tatanja Jastsuk
Susana Rutenberg
Kirsten Kummerfled

Ársfundur félagsins er haldinn á haustin þar sem m.a. er kosin ný stjórn.

Skólaráð: School Council 2015-2016

Skólaráð hittist fimm sinnum yfir veturinn og eru fundarnótur settar á heimasíðu skólans. Það sem m.a. var rætt var nemendafjöldi, svæði, húsnæði, faggilding, ferðir nemenda, niðurstöður samræmdra prófa, starfsmannastaða o.fl.

Skólaráð skipuðu:

Hanna Hilmarsdóttir, skólastjóri

Gunnar Þórisson,

Gunnilla Lundström,

Kirsten Kummerfeld,

Lára Stefánsdóttir,

Sigrún Boatwright

Wendy Richards

Tveir nemendur skólans

Foreldrafélag

Þróunarverkefni, styrkir og önnur verkefni

Styrkur frá Viðskiptaráði: Í ágúst, 2015 fékk Alþjóðaskólinn styrk frá Rannsóknarsjóði Viðskiptaráð til að þróa alþjóðlega samkeppnishæft nám á unglingastigi (Middle School Program). Framtíðarsýn Alþjóðaskólans er að geta boðið upp á vottað, alþjóðlegt nám fyrir nemendur frá 5 ára aldri og upp í 10. bekk. Um haustið var bætt við 8. bekk og stefnt var á að bæta við 9. og 10. bekk í framhaldinu. Styrknum frá viðskiptaráði var varið í námsskrárþróun, endurmenntun starfsmanna og nýfjárfestingu kennslutækja í tækni- og raungreinum. Var þetta í fyrsta skipti sem úthlutað var úr sjóðnum og er styrkjunum ætlað að auka samkeppnishæfni Íslands með því að efla rannsóknir og nýsköpun sem nýttast íslensku menntakerfi og atvinnulífi. Styrkurinn nýttist vel og hóf Alþjóðaskólinn kennslu í 9. bekk samkvæmt áætlun nú í haust.

Styrkur frá Menntasjóði Garðabæjar: Í samvinnu við Klifið í Garðabæ hlaut Alþjóðaskólinn styrk til að þróa aðferðir til að þjálfar starfsmenn og nemendur í dýnamískri hugsun. Heiti verkefnisins er *Dynamic thinking (dýnamísk hugsun): Aðferð til þess að greina sífellt flæði gagna og upplýsinga.*

Markmið verkefnisins er að að:

þjálfar starfsmenn og nemendur í að beita dýnamískri hugsun til þess að taka betri og meðvitaðri ákvarðanir sem byggja á gagnrýninni og skapandi hugsun.

Aðlagar og prófa fyrirbyggjandi námsefni hjá nemendum á miðstigi og unglingastigi.

Byggja upp venjur fyrir dýnamísk hugsanaferli hjá starfsmönnum og nemendum.
Þjálfar starfsmenn í að styðja við nemendur í dýnamískri og skapandi.
Þjálfar nemendur að vinna í hópateymum á nýstárlegan og lausnamiðaðan hátt.
Að þróa námsmat í vinnu með dýnamíska hugsun.
Að þróa kennsluhætti þvert á fagreinar með því að koma að kennsluaðferðum
dýnamískrar hugsunar sem leið í nýsköpun.

Styrkur úr Sprotastjóði. Í samstarfi við Klifið hlaut Alþjóðaskólinn einnig styrk fyrir
ofangreint verkefni: Dynamic Thinking.

Styrkur frá Bandaríska Sendiráðinu

Bandaríska sendiráðið veitti skólanum styrk aðupphæð kr. 1.500.000 vegna alþjóðlegrar
úttektar og faggildingaferlis sem skólinn undirgengst.

- Skólinn vinnur áfram að innleiðingu AERO og alþjóðlegrar faggildingar
- Skólinn vinnur að innleiðingu „Dynamic Thinking“ í skólastarfi
- Skólinn vinnur áfram að þróun tvítyngisnámsbrautar
- Skólinn vinnur að innleiðingu leiðsagnarmats
- Skólinn vinnur áfram að innleiðingu markvissrar kennslu í orðaforða
- Skólinn vinnur að uppbyggingu „Middle Years Programs“ , unglingadeildar

Önnur mál sem unnið er að:

Húsnæðismál

Alþjóðleg úttekt á starfsemi skólans af viðurkenndum aðilum

Efling læsis í samvinnu við aðra skóla Garðabæjar